



FRÉTTABRÉF UMSE

3. tbl. 21. árgangur 2006



Unglingalandsmót á Laugum

Eins og allflestir vita verður haldið Unglingalandsmót UMFÍ á Laugum í Reykjadal um Verslunarmannahelgina og sér HSP um framkvæmd þess. Það þótti bera vott um mikinn kjark þegar ákveðið var á sínum tíma að fara inn á Verslunarmannahelgina með mótið, en það hefur nú þegar sannað sig að sú ákvörðun átti fullan rétt á sér þar sem aðsókn síðustu ár hefur verið ágæt. Það hlítur einnig að teljst afrek út af fyrir sig að geta haldið svo stóra útihátíð sem raunin er, án þess að nokkur tíma sjáist áfengi haft um hönd.

Mótið á laugum hefur þá sérstöðu að það verður algjörlega ótruflað af skarkala þéttbýlisins og verður gaman að sjá hvernig það kemur út.

Hátíðin er öllum opin en sjálft íþróttamótið er fyrir unglunga á aldrinum 11-18 ára og er þáttökugjald 5500.- kr. Annar kostnaður er enginn og verður þetta því að teljast afar ódýr fjölskilduhátíð.

UMSE hefur hug á því að fara með fjölmennt lið keppenda og vonandi koma sem flestir með þeir séu ekki að keppa. Það er líka stutt að fara og ætti það að hvetja fólk til að skreppa þó svo það dvelji ekki alla helgina.

Það hefur verið ákveðið að fyrir mót fá allir keppendur afhentar peysur sér að kostnaðarlausu og er hugmyndin að merkja þær allar með nafni líkt og gert var fyrir mótið í Stykkishólmi fyrir þremur árum. Aðrir sem vilja geta keypt sér peysur. Til þess að þetta sé hægt þurfum við að fá upp nöfn þeirra sem ætla á Landsmót sem allra fyrst og óskum við eftir því að öll skráning fari í gegnum skrifstofu okkar að Óseyri 2, á Akureyri.

Starfandi er undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmótið og viljum við hvetja fólk til þess að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna. Einnig er hægt að nálgast upplýsinga á heimasíðu mótsins www.ulm.is. Nefndin er þannig skipuð:

- **Formaður UMSE**
Árni Arnsteinson, s: 866-7501, 4626783
- **Knattspyrna**
Marinó Þorsteinsson, s. 847-4173, 466-1955
- **Sund**
Elín Unnarsdóttir, s: 466-1976
- **Körfuknattleikur**
Ari Jósavínsson s: 891-0777
- **Hestaíþróttir**
Sigurður Kristjánsson s:

Auk þess starfa framkvæmdastjóri UMSE, Þorsteinn Marinósson, í nefndinni.

Ég vill að lokum hvetja sem flesta til þess að fjölmenna að Laugum og taka þátt í skemmtilegu og lifandi móti.

Árni Arnsteinsson, *Formaður UMSE.*

Vormót UMSE

Vormót UMSE í frjálsum íþróttum fór fram á Dalvíkurvelli daganna 13. og 15. júní. Góð þátttaka var á mótinu og mættu keppendur frá Smáranum, Samherjum, Svarfdælum (Dalvík), Reyni, Æskunni og UFA. Á fyrri deginum fór fram keppni í flokkunum 13-14 ára og 15 ára og eldri. Seinni daginn kepptu 8 ára og yngri, 9-10 ára og 11-12 ára. Veður var misjafnt og blés heldur á seinni deginum en allt fót vel fram.

Þorvaldsdalsskokk

Prettánda Þorvaldsdalsskokkið fór fram laugardaginn 1. júlí við góðar aðstæður. Tuttugu og tveir hlauparar komu í mark auk þess sem fimm göngumenn nutu leiðsagnar Bjarna Guðleifssonar um Þorvaldsdal. Sigurvegari að þessu sinni varð Börkur Árnason á tímanum 2 klst. 25 mín og 8 sek. Jón Þór Jósefsson varð annar og Hrafn Margeirsson þriðji. Fyrst kvenna varð Auður Aðalsteinsdóttir, önnur Guðrún Kristín Sæmundsdóttir og Guðbjörg M. Björnsdóttir þriðja. Framkvæmdaaðilar skokksins að þessu sinni voru auk UMSE: umf Smárinn og umf Reynir, björgunarsveitin á Árskógsströnd sá um gæslu á drykkjarstöðvum. Styrktaraðilar voru: KEA, Afreksvörur ehf, Trans-Atlantic, Hlaup.is og Sparisjóður Norðlendinga. Er þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Heildarúrslit, auk mynda úr hlaupinu, má sjá á heimasíðu www.umse.is/thorvaldsdalur.
Þorvaldsdalsskokksins:

Æfingabúðir í Borgarnesi

Frjálsíþróttafólk á vegum UMSE hélt í Borgarnes helgina 7.-9. júlí í æfingabúðir. Aðstæður á staðnum voru með besta móti, bæði hvað veður og vallaraðstæður varðar. Völlurinn í Borgarnesi er einn besti frjálsíþróttavöllur landsins og nýttist það iðkendum vel við æfingar. Þjálfarar í ferðinni voru Ari Jósavínsson og Þorsteinn Marinósson og sá Ari um skipulagningu á ferðinni. Nokkrir foreldrar fóru með í ferðina og sáu um að gefa liðinu að borða og kunnnum við þeim bestu þakki fyrir. Loka punkturinn í ferðinni var æfingamót sem haldið var í samvinnu við HSH og sá þjálfari þeirra um undirbúning þessi. Ferðinn vakti mikla lukku og er óhætta að fullyrða að æfingaferð þessu lík verði farin aftur.



Aldursflokkamót

Ákveðið hefur verið að halda Aldursflokkamótið í samvinnu við UFA. Mótið fer fram á Akureyrarvelli. Um er að ræða tvö mót sem keyrð verða á sama tíma. Annarsvegar verður Akureyrarmót og hinsvegar Aldursflokkamót UMSE. Ákveðið var að gera þetta með þessum hætti til reynslu og gera mótin þannig hagkvæmari og stærri. Dagsetningar mótsins eru eftirfarandi:

12 ára og eldri 9. ágúst.

12 ára og eldri 16. ágúst.

11 ára og yngri 17. ágúst.

Nánari upplýsingar um mótið koma inn á vefsíðu okkar www.umse.is þegar nær mótinu dregur.

Gautaborgarleikar

Steinunn erla davíðsdóttir

Knattspyrnumót

Útgefandi Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson

